

11. fundur í háskólaráði Landbúnaðarháskóla Íslands

haldinn á Hvanneyri miðvikudaginn 25. janúar kl. 10:30. Fundinn sátu eftirtaldir háskólaráðsfulltrúar: Ari Teitsson, Hákon Sigurgrímsson, Stefán Kalmansson, Jón Torfi Jónasson, Jón Örvar Jónsson, Emma Eyþórsdóttir Ágúst Sigurðsson rektor og Eiríkur Blöndal varamaður. Þorvaldur T. Jónsson ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar. Yfirfarin og samþykkt. Þróun mála frá síðasta fundi.

2. Staða mála. Rektor fór yfir stöðu stofnunarinnar eftir fyrsta starfsárið og helstu viðfangsefni. Fram kom m.a. að seinni hluti síðasta árs einkenndist nokkuð af fjármálavafstri og hefur hefur fjárveitingavaldið komið til móts við kröfur skólans með mjög viðunandi hætti. Unnið hefur verið að stefnumótun um uppbyggingu og framtíð námsbrauta á öllum starfssviðum skólans. Farið var yfir starfsemi hinna einstöku starfsstöðva og rætt stuttlega um verkefni þeirra.

3. Fjárhagsáætlun. Rekstrarstjóri fór yfir helstu tölur í fjárhagsáætlun ársins 2006 og þær niðurstöður sem liggja fyrir varðandi útkomu ársins 2005. Fram fóru talsverðar umræður. Áætlunin samþykkt samhljóða.

Háskólaráð metur mikils þann skilning sem landbúnaðarráðuneyti, ráðherrar og fjárlaganefnd hafa sýnt skólanum hvað varðar fjárveitingar og úrlausn þess fjárhagsvanda sem við blasti á síðasta ári. Með þeim ráðstöfunum hefur stofnun Landbúnaðarháskóla Íslands verið fylgt vel eftir.

4. Ársfundur. Fyrirhugað er að halda ársfund LbhÍ á Selfossi þann 17. mars. Ætlunin er að nýta fundinn til að ræða innri mál og starfsmannamál, kynna áherslur og nýjungar í starfsemi skólans auk þess sem árshátíð starfsmanna verður haldinn í tengslum við fundinn. Talsverð umræða spannst um hugsanleg efnistösk á fundinum og hvernig hann myndi nýtast stofnuninni best.

5. Nýjar viðbætur við starfsreglur LbhÍ. Á fundinn kom Björn Þorsteinsson aðstoðarrektor kennslumála og skýrði nýjungar í starfsreglum háskólanámsins. Fram komu ýmsar ábendingar og athugasemdir sem teknar verða til skoðunar við endanlegan frágang reglnanna. Þá var farið yfir og rætt um námsframboð á háskólabrautum.

3. Önnur mál. Fram kom að eðlilegt væri að yfirstjórn kæmi inn á fundi háskólaráðs þegar ráðið fjallaði um stefnumótun skólans. Einnig var því velt upp hvernig háskólaráð gæti tengst betur starfsmönnum stofnunarinnar og fengið upplýsingar um þá umræðu sem fram færi meðal þeirra á hverjum tíma.

Þá var rætt um framtíð LbhÍ í stjórnkerfinu og hvort eðlilegt væri að skólinn heyrði áfram undir landbúnaðarráðuneytið. Fram kom m.a. að því fylgdu ýmsir kostir í bili a.m.k. að hafa óbreytt fyrirkomulag áfram. Í umræðu um breytingar á þessu verður m.a. að taka

mið af því að rannsóknir eru stór þáttur í starfsemi LBHÍ og mikilvægt að tryggja áfram fjármagn til þeirra. Þá kom fram sú hugmynd að LbhÍ reyndi að efla betur tengsl sín við bakland sitt, bændur, með því að standa fyrir námskeiðum í samvinnu við leiðbeiningamiðstöðvarnar í landshlutunum.

Fundi lauk með skoðunarferð háskólaráðsfulltrúa um Hvanneyrarstað.

Fundarritari ÞTJ.